



## Ársskýrsla 2007

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks var stofnaður á grundvelli kjarasamnings á milli Samtaka atvinnulífsins annars vegar og VR og LÍV hins vegar þann 14. maí 2000.

Markmið sjóðsins er að auka hæfni og menntun verslunar- og skrifstofufólks, ásamt því að stuðla að auknu framboði af námi og námsefni sem svari þörfum atvinnulífsins á hverjum tíma.

Verkefni sjóðsins eru eftirfarandi:

- Að veita fjárhagsaðstoð við menntun starfsmanna
- Kostun námskeiðahalds
- Kostun námsefnisgerðar
- Styrkur til fyrirtækja til starfs- og endurmenntunar starfsmanna

Tekjur sjóðsins myndast á eftirfarandi hátt:

- Atvinnurekendur greiða 0,15% iðgjald til sjóðsins af heildarlaunum starfsmanna VR/LÍV
- Fyrirtæki geta sótt um undanþágu frá fullu gjaldi að uppfylltum skilyrðum. Gjald til sjóðsins lækkar þá í 0,05% af heildarlaunum starfsmanna VR/LÍV
- Stéttarfélagin greiða mótframlag sem svarar einum þriðja af greiddu fralagi atvinnurekenda
- Tekjur af rekstri námskeiða á vegum sjóðsins

Í starfsreglum stjórnarinnar er fjallað um greiðslu styrkja til félagsmanna VR/LÍV, til fyrirtækja og stéttarféлага og nánari reglur um lækkun á iðgjaldi til sjóðsins.

Stjórn er heimilt að veita styrki til einstaklinga, fyrirtækja, félagasamtaka og skóla s.s. vegna útgáfu námsefnis, kennslu, eða annars sem að mati stjórnar leiðir til aukinnar menntunar innan stéttarinnar.

Nokkur skilyrði eru sett fyrir lækkun á sjóðsgjaldinu fyrir fyrirtæki. Fyrirtækið skal sýna fram á að virk endurmenntunarstefna sé í fyrirtækinu. Starfsmenn sem eru félagsmenn VR/LÍV skulu eiga kost á að sækja þau námskeið sem í boði eru. Fyrirtækið skal bjóða þeim bæði fagnámskeið og almenn námskeið. Fyrirtækið skal sýna fram á að kostnaður vegna menntastefnu sé meiri en sem nemur 0,15% af heildarlaunum starfsmanna. Stjórn sjóðsins metur hvort ofangreindum skilyrðum sé fullnægt og er það mat endanlegt. Staðfesti stjórn undanþágu frá 0,15% í 0,05% iðgjald gildir undanþágan til eins árs fyrsta árið og eftir það til tveggja ára í senn.

### Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins er skipuð sex mönnum til eins árs í senn. Fyrir hönd SA sátu í stjórn Sigurður Jónsson, varaformaður (SVÞ) Anna Rós Ívarsdóttir (VÍS), Hildur Björgvinsdóttir (Hagkaup) en Svanur Valgeirsson (Bónus) tók sæti hennar í stjórn frá 8. maí. Varamenn voru Hannes G. Sigurðsson (SA) og Ingi Bogi Bogason (Samtök iðnaðarins).

Fyrir hönd VR/LÍV sátu í stjórn sjóðsins Stefanía Magnúsdóttir, formaður, (VR), Sigrún Viktorsdóttir (VR) og Guðrún Erlingsdóttir (Vmf. Vestmannaeyja). Varmaður var Rannveig Sigurðardóttir (VR).

Aðilar sjóðsins skiptast á að gegna formennsku til tveggja ára í senn og var hún fyrstu tvö árin á vegum VR og árin 2003-2004 í höndum fulltrúa SA. Þann 8. nóvember 2005 tók Stefanía Magnúsdóttir, VR, við formennsku og Sigurður Jónsson, SVÞ, við varaformennsku.

Starfsmaður sjóðsins er Ástríður S. Valbjörnsdóttir.  
Löggiltur endurskoðandi sjóðsins er Björg Sigurðardóttir frá Deloitte.

### **Störf stjórnar á tímabilinu**

Ellefu stjórnarfundir voru haldnir á árinu.

Samþykkt voru ný endurskoðuð eyðublöð sjóðsins og var sérstaklega talið til bóta að fyrirtæki sem sækja um lækkun á iðgjaldi þar sem fylla þarf út excel-skjöl um kostnað vegna námskeiða starfsmanna.

Verzlunarskóli Íslands réð nýjan umsjónaraðila í hálf starf til að halda utan um Verslunarfagnamið. Síðar á árinu tilkynnti skólinn að hann myndi hætta kennslu námsins og tæki ekki nýja nemendur inn að hausti. Símenntunarmiðstöðvarnar hafa sýnt náminu áhuga og er það nú þegar í boði á Akureyri í samvinnu við SÍMEY og Mími-símenntun í Reykjavík. Kennsluefnið er í eigu sjóðsins og býðst öllum skólum og símenntunarmiðstöðvum. Námið er metið til 51. eininga á framhaldsskólastigi.

Aðalnámsskrá starfsnáms þjónustugreina, sem unnin var að frumkvæði starfsgreinaráðs skrifstofu- og verslunargreina kom út á árinu en hún kemur í stað viðskiptabrautar í aðalnámsskrá framhaldsskóla frá árinu 2004.

Eftirfarandi breytingar voru gerðar á starfsreglum sjóðsins:

- Launaviðmið vegna stigaávinnslu hækkað þann 1. apríl úr kr. 60.000-150.000 í kr. 75.000-180.000.
- Allar umsóknir um nám erlendis ber að senda til starfsmanns sjóðsins.
- Ferðastyrkur innanlands miðast við að lágmarki 50 km. og miðast km.gjaldið við reglur TR. Hámarks ferðastyrkur kr. 30.000 á ári.
- Náms- og ráðstefnur eru skilgreindar sem starfsnám.
- Veittur 75% styrkur vegna náms sem kennt er skv. námskrám FA.
- Veittur 75% styrkur vegna íslenskukennslu fyrir erlendra félagsmenn.
- Veittur styrkur til kaupa á hjálpartækjum fyrir lestrar- og ritstuðning.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins felldi niður kr. 1.000 gjald vegna þjónustu náms- og starfsráðgjafar samkvæmt samningi við sjóðinn.

Umræður voru um Íslenska erfðagreiningu vegna ávinnslu stiga starfsmanna fyrirtækisins þar sem fyrirtækið hefur ekki greitt iðgjald til sjóðsins.

Nýr samningur var samþykktur við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um Fagrað verslunar og þjónustu til eins árs með 3ja mánaða uppsagnarfresti.

### **Styrkir til félagsmanna**

Samtals voru veittir 5.664 styrkir til einstaklinga. Þar af á höfuðborgarsvæðinu 4.925 og 739 á landsbyggðinni. Heildarupphæð greiddra styrkja var kr. 116 milljónir en iðgjöld atvinnurekenda og stéttarfélaga kr. 160,6 milljónir.

### **Styrkir til fyrirtækja, félagasamtaka og stofnana**

Heildarupphæð greiddra styrkja á árinu var 2,0 milljónir.

#### Samþykktir styrkir á árinu:

- Goðaland - „Gaman saman í vinnunni“ námskeið fyrir 20 manns kr. 60.610.
- Miklatorg hf. (IKEA) - Dale Carnegie námskeið, kr. 810.000.
- Mímir og MSS - starfs- og námsráðgjöf, kr. 140.000.
- Mjólkursamsalan - samskipti og samstarf í vinnuumhverfinu, kr. 20.572.
- Fagnám í ferðaþjónustu – tilraunanám, fyrir 6 manns, kr. 463.038.
- Samtök ferðaþjónustunnar - Dagur menntunar í ferðaþjónustu, kr. 100.000.
- Securitas hf. í samvinnu við SVP - uppfærsla á námsefninu „Varnir gegn vágestum“, kr. 970.000. Skilyrt að námsefnið yrði áfram í eigu SVP og notkun þess myndi standa öðrum fyrirtækjum til boða.

#### Styrkir sem ekki voru nýttir frá árinu 2006

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum - framleiðsla á efni vegna raunfærnimats skrifstofufólks.

### **Ný fyrirtæki sem fengu lækkun frá iðgjaldi sjóðsins úr 0,15% í 0,05%**

Deloitte hf., Deloitte FAS, Lyfja, Íshöfn og VÍS.

### **Fyrirtæki sem endurnýjuðu undanþágu sína til næstu tveggja ára**

Aðföng, Bónus, Byko, Hagkaup, Eimskipafélag Íslands, Hugur Ax, Húsasmiðjan, Hýsing-vöruhótel, Kreditkort og Lyf og Heilsa.

### **Fyrirtæki sem sóttu ekki um endurnýjun á lækkun til iðgjalds eða endurnýjun var ekki samþykkt**

10-11/Hraðkaup, Noron, DHB Ísland, Top Shop, Hagar, Vöruhóтелиð, Flytjandi, Kaupping, Íshöfn, Sjóvá, Avant og Útilíf.